




**AÐALSKIPULAG SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR 2010-2030**  
**BREYTING AÐALSKIPULAGS / GERÐ DEILISKIPULAGS**

**Skipulags- og matslýsing**

**28.10.2020**





## SKIPULAGS – OG MATSLÝSING

---

| HÖFUNDUR | DAGS.    | VERKNR.  |
|----------|----------|----------|
| KDG      | 28.10.20 | 2370-037 |

## EFNISYFIRLIT

|       |   |    |
|-------|---|----|
| 1     | INNGANGUR                                       | 4  |
| 1.1   | Skipulags- og matslýsing                        | 4  |
| 2     | FORSENDUR                                       | 4  |
| 2.1   | Skipulagssvæðið og staðhættir                   | 4  |
| 2.2   | Náttúruvá                                       | 5  |
| 2.3   | Tengsl við aðrar áætlanir                       | 6  |
| 2.3.1 | Landsskipulagsstefna 2015-2026                  | 6  |
| 2.3.2 | Aðalskipulag Seyðisfjarðarskaupstaðar 2010-2030 | 7  |
| 2.3.3 | Deiliskipulag                                   | 8  |
| 2.3.4 | Heilsueflandi samfélag                          | 8  |
| 2.4   | Minjar  | 8  |
| 3     | BREYTING Á AÐALSKIPULAGI                        | 9  |
| 4     | DEILISKIPULAG                                   | 9  |
| 5     | UMHVERFISÁHRIF                                  | 9  |
| 5.1   | Umhverfismat                                    | 9  |
| 5.2   | Tengsl við aðrar áætlanir                       | 10 |
| 5.3   | Valkostir                                       | 10 |
| 5.4   | Umhverfisþættir                                 | 10 |
| 6     | KYNNING OG SAMRÁÐ                               | 11 |
| 6.1   | Umsagnaraðilar                                  | 11 |

## MYNDASKRÁ

- Mynd 1.** Fyrirhugað skipulagssvæði, merkt með rauðum hring. Mynd: Efla, Verkís, Landslag, 2018. 5
- Mynd 2.** Hluti af hættumatskorti fyrir Seyðisfjörð sem unnið var af Veðurstofu Íslands árið 2002 – Staðsetning skipulagssvæðis merkt með rauðum hring. 6
- Mynd 3.** Staðsetning varnargarða merktir með rauðum hring og náma merkt með gulum hring inn á þéttbýlisupprátt gildandi aðalskipulags. 8

## 1 INNGANGUR

Áformað er að reisa snjóflóðavarnagarða á Seyðisfirði undir Bjólfshlíðum. Gert er ráð fyrir að varnargarðarnir verði þrír og nefnast þeir Bakkagarður, Fjarðargarður og Öldugarður. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum. Fyrirhugaðar snjóflóðavarnir samræmast ekki gildandi aðalskipulagi og ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið. Áður en framkvæmdarleyfi er veitt þarf að gera breytingarnar á aðalskipulaginu þar sem gerð verður grein fyrir varnarmannvirkjunum og leggja fram deiliskipulag af svæðinu.

### 1.1 Skipulags- og matslýsing

Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar-kaupstaðar 2010-2030 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, gerð nýs deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tilgangur með gerð lýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnnum og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafið við aðalskipulagsgerðina og deiliskipulags, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli og hvernig staðið verði að umhverfismati.

Lýsingin verður afgreidd af sveitarstjórn áður en hún veður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða verður hún send Skipulagsstofnun og öðrum aðilum til umsagnar.

## 2 FORSENDUR

Fyrst og fremst er verið að bæta öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum og um leið verið að nýta þessa uppbyggingu til að skapa betra umhverfi til útivistar.

### 2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Seyðisfjörður er nú hluti af sameinuðu sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Fljótisdalshéraðs sem heitir Múlaþing. Seyðisfjörður liggur inn í Seyðisfjarðarflóa frá austri til vesturs og beygir til suðurs innst, þar sem kaupstaðurinn er fyrir botni fjarðarins, en þéttbýlið hefur byggst umhverfis Lónið. Undirlendi er fremur lítið inn í botninum en út með firði er það talsvert meira, víðast vel gróið og skilyrði til ræktunar og búskapar nokkuð góð. Fjörðurinn er umgirtur háum fjöllum sem eru hæst um 1100 metrar.

Fyrirhugað skipulagssvæði er neðan við hlíðar Bjólfs og er að mestu vel gróið mó- og graslendi. Engin náttúruverndarákvæði eru innan svæðisins.



**Mynd 1.** Fyrirhugað skipulagssvæði, merkt með rauðum hring. Mynd: Efla, Verkis, Landslag, 2018.


## 2.2 Náttúruvá

Sökum þess hve fjörðurinn er umkringdur háum fjöllum og undirlendi mjög lítið skapast stundum snjóflóðahætta á veturnum þar sem þéttbýlið stendur. Einnig hafa mikil aurflóð fallið á Seyðisfirði í gegnum tíðina og valdið tjóni og mannskaða.

Hættumat var unnið fyrir Seyðisfjörð skv. lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á árunum 2000–2002 og staðfest 5. júlí 2002. Árin 2003–2005 voru tveir snjóflóðavarnargarðar byggðir á Brún í Bjólfinum. Eftir byggingu varnargarðs á Brún var farið í endurskoðun hættumats á svæðinu. Endurskoðunin var kynnt haustið 2019 en hefur ekki enn verið staðfest. Með tilkomu garðanna í brún hafa C-línur í hættumati fyrir Seyðisfjörð færst víðast um 40–80 m nær fjallinu. Samkvæmt frumathugun Verkfræðistofu Austurlands og Norges Geotekniske Institutt árið 2003 var komist að þeirri niðurstöðu að garðarnir hafa ekki áhrif á snjóflóðahættu sem eiga upptök sín neðar í hlíðinni og óraunhæft er að stöðva stærstu snjóflóð sem geta átt upptök í Bjólfstindi með þvergarði á Brún. Nú er unnið að undirbúningi fyrir frekari uppbyggingu varnarmannvirkja á þessu svæði og fyrir liggur umhverfismat framkvæmdarinnar.

Samkvæmt hættumati sem unnið var árið 2002 er mestur hluti byggðarinnar norðan Fjarðarár á Seyðisfirði innan hættusvæða. Tiltölulega lítill hluti húsanna er þar á hættusvæði C. Sunnan ár er staðan nokkuð önnur þar sem kjarni byggðarinnar í Fjarðarbotninum er utan hættusvæða. Þó eru mörg hús of nærri hlíðinni og því innan hættusvæða, en fá eru innan hættusvæðis C. Út með ströndinni fjölgar húsum á hættusvæði C og utan við smábátahöfn teljast öll hús vera á einhvers konar hættusvæði. Samkvæmt hættumatinu eru 60 íbúðarhús, með 84 íbúðum á hættusvæði C – B – A. Þar af eru 11 íbúðarhús, með 30 íbúðum á hættusvæði C. Í reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða,

flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats kemur fram að á hættusvæði C skal öryggi tryggt, annað hvort með varanlegum varnavirkjum eða með uppkaupum íbúðarhúsnæðis.



**Mynd 2.** Hluti af hættumatskorti fyrir Seyðisfjörð sem unnið var af Veðurstofu Íslands árið 2002 – Staðsetning skipulagssvæðis merkt með rauðum hring.

Með tilkomu varnargarðanna undir Bjölfshlíðum munu öll íbúðarhús þar, sem áður voru á hættusvæði C færast á hættusvæði A. Hönnun varnargarðanna miðast að því að verja íbúðarhverfi en ekki atvinnusvæði hafnarinnar. Áhætta undir meginsnjóflóðafarveginum í og við höfnina breytist með tilkomu fyrirhugaðs varnargarðs og aukinn flóðþungi færir til norðurs yfir á mitt hafnarsvæðið. Varnaráhrif garðanna á húsin eru þó þannig að hús á hafnarsvæðinu eru alveg varin eða í umtalverðu vari frá flóðum sem eru áþekkt stærstu flóðum á svæðinu að stærð. Áhætta á hafnarsvæðinu minnkar í þremur atvinnuhúsanna en í öðrum þremur verður hún meiri en nú er.

## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu eru settar fram eftirfarandi áherslur sem sveitarfélagið þarf að horfa til:

#### Náttúruvá og loftslagsbreytingar

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs og náttúruvá, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

„Hér er um að ræða almennar varúðarreglur um að tekið sé tillit til þekkrar náttúruvá við ákvarðanir um mannvirkjagerð. Mikilvægt er að tekið sé mið af þekkingu um náttúruvá við ákvarðanir um

*mannvirkjagerð, til að koma í veg fyrir slys á fólki og tjón á mannvirkjum. Jafnframt að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið mið af þeim áskorunum sem við blasa með tilliti til loftslagsbreytinga. Í því felst að fara úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, landnotkun og samgöngum og bregðast við umhverfisbreytingum vegna loftslagsbreytinga, eins og hækkandi sjávarborði. Skipulag byggðar og landnotkunar byggist á bestu fánlegum upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um náttúruvá og breytingar á náttúru landsins vegna loftslagsbreytinga.“*

### 2.3.2 Aðalskipulag Seyðisfjarðarskaupstaðar 2010-2030

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann 22. desember 2010. Í aðalskipulaginu er svæðið að mestu skilgreint sem óbyggð svæði en hluti af fyrirhuguðum Öldugarði nær inn á skilgreint hafnarsvæði.

#### Stefna gildandi aðalskipulags

- *„Að stuðla að betra umhverfi í samgöngu-, útivistar-, umhverfis- og samfélagsmálum til hagsbóta fyrir íbúa.“*
- *„Að nýta uppbyggingarmöguleika í fullu samræmi við landslag, staðhætti og náttúrufar.“*
- *„Taka fullt tillit til ofanflóðahættu.“*
- *„Markmið er að bæta aðgengi að útivistarsvæðum sveitarfélagsins.“*

#### Skilmálar fyrir hafnarsvæði

*„Hafnarsvæði er með ströndinni í fjarðarbotninum beggja vegna fjarðar. Að norðanverðu er svæðið allt, frá dráttarbrautinni út fyrir Fornastekk á hættusvæði C vegna ofanflóða. Þar var atvinnustarfsemi að mestu aflögð eftir að snjóflóð eyðilagði í mars árið 1995 verkmiðju Vestdalsmjöls sem þar stóð. Sú starfsemi sem eftir er á þessu svæði er með takmarkaða viðveru. Hús notuð til íveru að sumarlagi en aðallega sem geymslur fyrir atvinnustarfsemi og einstaklinga enda nýtingu svæðisins veruleg takmörk sett vegna hættumatsins og tíðra ofanflóða.“*

#### Skilmálar fyrir óbyggð svæði

*„Óbyggð svæði eru utan og ofan núverandi og fyrirhugaðrar byggðar. Þau er opin til almennrar útiveru. Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnyttjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði þar sem það á við. Slík svæði eru auk þess opin til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal þar vera í lágmarki og miðast fyrst og fremst við reiðvegi og merktar gönguleiðir.“*



**Mynd 3.** Staðsetning varnargarða merktir með rauðum hring og náma merkt með gulum hring inn á þéttbýlisupprátt gildandi aðalskipulags.

### 2.3.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

### 2.3.4 Heilsueflandi samfélag

Sveitarfélagið er aðili að verkefninu Heilsueflandi samfélag. Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

## 2.4 Minjar

Búið er að gera fornleifaskráningu á framkvæmdarsvæði fyrirhugaðra snjóflóðavarnargarða, vegslóða og efnistöðusvæðis í Skaganámu. Fornleifadeild Byggðarsafns Skagfirðinga tók að sér fornleifaskráningu. Alls voru skráðar 61 minjar innan framkvæmdarsvæðisins, þar af eru 10 minjar ekki aldursfriðaðar en eru skráðar vegna heimildagildis þeirra um veru hernámsliðs á Seyðisfirði og 20. aldar landnotkun í kaupstaðarlandinu. Tíu minjar eru skráðar úr ritheimildum og eru horfnar eða staðsetning ekki þekkt.

Árið 1998 gerði Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur frumrannsókn á minjum á þessu svæði og tók þá könnunarskurði í nokkurn fjölda minja og skráði hluta þeirra minja sem eru innan framkvæmdarsvæðis.

Árið 2009 var unnin fornleifaskráning vegna Aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 en hún nær aðeins að litlu leyti til væntanlegs framkvæmdarsvæðis.



Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### **3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI**

Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð.

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður allt að 25 ha svæði af óbyggðu svæði og lítill hluti hafnar-svæðis sem fellur undir framkvæmdina breytt í opin svæði.

Einnig verður staðsett efnistökusvæði (Skaganáma) á núverandi athafnarsvæði en þar er fyrir gömul náma í skagakrús. Þörf er á efnisnámu í tengslum við framkvæmdina, fyrir efni í vinnuvegi og annað tilfallandi. Heildarefnistaka þar er áætluð um 30.000 m<sup>3</sup>.

Á uppdrætti og í greinargerð verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum varnarmannvirkjum og útivistarsvæði í tengslum við þau.

### **4 DEILISKIPULAG**

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og er því um að ræða nýtt deiliskipulag sem mun samræmast áætlaðri breytingu aðalskipulags. Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/20206 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun fela í sér framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum. Gerð verður grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í umhverfisskýrslu á grundvelli laga um umhverfismat áætlana.

Áformað er að reisa snjóflóðavarnargarða á Seyðisfirði undir Bjólfinum. Gert er ráð fyrir að varnargarðarnir verði þrír og nefnast þeir Bakkagarður, Fjarðargarður og Öldugarður. Markmið með deiliskipulaginu er því fyrst og fremst að bæta öryggi íbúa Seyðisfjarðar með snjóflóðavarnargörðum. Samhliða því verður haft að leiðarljósi að gera svæðið að aðlaðandi útivistarsvæði þar sem göngustígar verða lagðir um og upp á varnargarða með góðri tengingu við núverandi göngustíganet bæjarins. Staðsettir verða útsýnisstaðir auk þess sem skoðað verður að gera ráð fyrir áningarstöðum.

Í deiliskipulaginu verður gerð grein fyrir umfangi svæðis, mögulegri áfangaskiptingu og tímaáætlun og efnismagni sem notað er í framkvæmdina. Einnig verður gerð grein fyrir landmótun, hæðarsetningum og frágangi að framkvæmdartíma loknum.

Gert er ráð fyrir að afmörkun deiliskipulagsins nái yfir allt fyrirhugað framkvæmdasvæði.

### **5 UMHVERFISÁHRIF**

#### **5.1 Umhverfismat**

Bygging varnargarða til varnar ofanflóða falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skv. tl. 2.01 og 11.16. Þann 24. júní 2020 lagði Seyðisfjarðarkaupstaður fram matsskýrslu og óskaði eftir álit

Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun lagði fram álit sitt 27. ágúst 2020 og telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Skipulagsáætlanir þessar eru háðar umhverfismati þar sem þær marka stefnu um framkvæmd sem tilgreind er í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umhverfismat áætlana verður unnið samhliða aðalskipulagsbreytingu og gerð nýs deiliskipulags þar sem áhrif af framkvæmd á umhverfið verður sett fram í umhverfisskýrslu. Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdráttu til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.

Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu:

- Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðrar áætlanagerð.
- Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar viðkomandi áætlunar.
- Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi og upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra.
- Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar.
- Upplýsingar um mótvægisáðgerðir.
- Yfirlit yfir ástæður fyrir vali stefnu og valkosta og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu.
- Áætlun um vöktun líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunarinnar.

## 5.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytinguna og gerð deiliskipulags verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.3.

## 5.3 Valkostir

Breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags verður borin saman við núverandi ástand, núll kost.

## 5.4 Umhverfisþættir

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 1. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstöflu.

**TAFLA 1.** Umhverfispættir og matsspurningar.

| UMHVERFISPÆTTIR             | MATSSPURNINGAR   |
|-----------------------------|--|
| Samfélag                    | Hefur skipulagið áhrif á atvinnutækifæri innan sveitarfélagsins?<br>Hefur skipulagið áhrif á aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru?<br>Getur skipulagið stuðlað að bættum lífsgæðum? |
| Náttúrufar og dýralíf       | Hefur skipulagið áhrif á búsvæði dýra/gróðurs?<br>Hefur skipulagið áhrif á viðkvæma náttúru?<br>Hefur skipulagið áhrif á plöntur á váliða?   |
| Náttúru- og menningarminjar | Hefur skipulagið áhrif á fornminjar?<br>Hefur skipulagið áhrif á friðlýstar minjar?  |
| Sjór og strandlína          | Hefur skipulagið áhrif á strandsvæði eða grunnsævi?  |
| Landslag og ásýnd           | Hefur skipulagið áhrif á byggðamynstur?<br>Hefur skipulagið áhrif á yfirbragð opinna svæða?  |
| Hljóðvist                   | Hefur skipulagið áhrif á hljóðvist á útivistarsvæðum og kyrrlátum svæðum?  |
| Loftgæði                    | Hefur skipulagið áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?  |
| Öryggi                      | Dregur skipulagið úr náttúruvá á svæðinu?<br>Hefur skipulagið áhrif á umferðaröryggi?  |

## 6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing, tillaga að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillaga verða auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins [www.mulathing.is](http://www.mulathing.is) og send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess verða skipulagstillögur sendar til umsagnaraðila.

Múlaþing vill hvetja íbúa og aðra hagsmunaraðila að koma með ábendingar og senda þær á [sigurdur.jonsson@fljotsdalsherad.is](mailto:sigurdur.jonsson@fljotsdalsherad.is) á fyrstu stigum skipulagsvinnunnar.

### 6.1 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulags- og matslýsingu, og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun
- Veðurstofu Íslands
- Náttúrustofa Austurlands